



Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi
210 Garðabær

Garðabæ, 20.04.2016

Efni: Lokahóf öldungamótsins í blaki í TM Höllini 7. Maí

Óskað er eftir því að Bæjarráð Garðabæjar samþykki afnot Blakdeildar Stjórnunnar af TM Höllinni 7.maí til að halda Lokahóf Öldungamótsins sem fram fer 5-7.maí í Garðabæ

Fyrir ári síðan var tilkynnt með kosningu á síðasta Öldungamóti í blaki á Neskaupsstað að UMF Stjarnan hefði verið valin til að halda næsta Öldungamót í blaki.

Nú styttest í mótið sjálft en það verður haldið dagana 5-7. maí næstkomandi og vegna mikils fjölda er keppt í öllum íþróttahúsum bæjarins.

Rétt tæplega 170 lið eru skráð til leiks og ætla má að hátt í 1700 manns taki þátt í mótinu sem þátttakendur og gera má ráð fyrir því að álíka fjöldi fylgi þessum þátttakendum til að fylgjast með svo blakiðkun mun setja skemmtilegan svip á bæinn þessa daga.

Þátttakendur eru á öllum aldri en til að öðlast þátttöku þarf að hafa náð 30 ára aldri.

Það er að mörgu að huga fyrir jafn stórt mót og til upplýsinga má geta þess að 8 nefndir eru starfsræktar ásamt öldungaráði skipað reynsluboltum blakdeildarinnar.

Ein af þessum nefndum sér um skipulag á Lokahófi og því er leitað eftir samþykki Bæjarráðs en vegna fjölda þá er TM höllin eina íþróttamannvirkið sem getur tekið við þátttakendum í mat og skemmtun.

Á síðustu vikum/mánuðum hefur verið unnið að skipulagningu t.a.m. með íþróttafulltrúa Garðabæjar, aðalstjórn og starfsmönnum á skrifstofu Stjórnunnar.

Að auki óskar blakdeildin eftir því að fá að nýta búnað bæjarins sem nýttur hefur verið fyrir sambærilegar skemmtanir á vegum Stjórnunnar eins og þorablótið, t.d.golfefni og aðstoð við að flytja gámana til og frá TM höllini.

Virðingarfyllst,
f.h. UMF Stjórnunnar

Jóhannes Egilsson framkv.stjóri